

## TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af löggjafarnefnd.

Frsm. Jónína Bjartmarz.

### 1. gr.

2. mgr. 3. gr. breytist og hljóðar svo:

Kirkjuráð getur haft aðsetur á biskupsstofu.

### 2. gr.

3. mgr. 5. gr. orðist svo:

Ákveði kirkjuráð greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuþing samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

### 3. gr.

Við 6. gr. bætast sex nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð skal sjá um að fjárstjórn sjóða og stofnana er undir ráðið heyra sé jafnan í réttu og góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna þeirra. Kirkjuráð getur ráðið sér starfsfólk til að sinna því eftirlitshlutverki sem því er ætlað að hafa.

Kirkjuráð skal leggja fyrir þingið til kynningar endurskoðaða ársreikninga sjóða og stofnana sem undir ráðið heyra fyrir síðasta fjárhagsár.

Enga greiðslu má inna af hendi úr þeim sjóðum sem undir kirkjuráð heyra án samþykkis þess.

Kirkjuráð getur ákveðið að semja við embætti biskups Íslands eða aðrar stofnanir þjóðkirkjunnar að annast afmörkuð verkefni sem kirkjuráði ber að sinna eða ráðið ákveður að stofna til. Hafi þau verkefni í för með sér fjárútlát, skal kirkjuráð tryggja, að nægt fé sé á hverjum tíma lagt af tekjum kirkjunnar, skv. 7. gr., til að standa straum af kostnaði við þau.

Undirritun meirihluta fulltrúa kirkjuráðs skuldbindur þá sjóði sem ráðið stýrir við meiriháttar samningsgerð eins og við sölu fasteigna.

Kirkjuráð veitir prókúruumboð vegna þeirra sjóða eða stofnana sem undir ráðið heyra.

### 4. gr.

Við 7. gr. bætast þrjár nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3. og 4. mgr. orðast svo:

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár, innan lögmæltra marka, sem árlega rennur til kirkjunnar sem gagngreiðsla íslenska ríkisins á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár, innan lögmæltra marka, sem sem sjóðir eða stofnanir sem undir ráðið heyra afla með frjálsum framlögum, eða fjár sem rennur með öðrum hætti til þeirra frá opinberum aðilum, en tilgreint er í 2. og 3. mgr.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fasteignum kirkjumálasjóðs sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

### 5. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. bætist við einn nýr stafliður d)

d) Fasteignasvið, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.

#### **6. gr.**

3. og 4. ml. 1. gr. 16. falla brott.

2. og 3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Fundi skal boða með dagskrá, bréflaga eða í tölvupósti, með viku fyrirvara að jafnaði. Jafnframt skulu erindi sem óskað er eftir að tekin séu fyrir í kirkjuráði hafa borist fyrir fundarboðun. Ef mál er sett á dagskrá með minna en viku fyrirvara skal leita afbrigða á settum kirkjuráðsfundi og það bókað ásamt niðurstöðu um afbrigðin.

Forseti ráðsins getur boðað til aukafundar ef brýna nauðsyn ber til. Einnig skal halda fund ef tveir eða fleiri kirkjuráðsmenn óska þess. Ef aukafundur er boðaður með minna en viku fyrirvara skal leita afbrigða með sama hætti og áður er sagt og bókað með sama hætti.

#### **7. gr.**

17. gr. orðist svo

■ Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum með undirskrift fundarmanna. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. Fundargerð skal send kirkjuþingsmönnum að fundi loknum. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, eigi síðar en þrem dögum eftir fund.

Kirkjuráð getur ákveðið að halda lokaða fundargerðarbók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

#### **8. gr.**

■ Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

#### *Athugasemdir með tillögu þessari.*

Breytingatillaga þessi er samin af löggjafarnefndar kirkjuþings að beiðni forsætisnefndar kirkjuþings í tilefni af álitserð Péturs Kr. Hafstein, fyrrverandi hæstaréttardómara og forseta kirkjuþings, Gests Jónssonar hrl. og Trausta Fannars Valssonar, dósents við lagadeild Háskóla Íslands, dags. 12. febrúar 2016, um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar en álitserðina rituðu þeir á grundvelli erindisbréfs frá kirkjuráði, dags. 20. nóvember 2015. Í bréfi forseta kirkjuþings til formanns löggjafarnefndar, dags. 11. mars 2016, segir að í álitserðinni komi fram að ekki séu til starfsreglur um biskupsstofu og að starfsreglur um kirkjuráð mættu vera skýrari. Þá var óskað eftir að löggjafarnefndin tæki að sér að vinna tillögur að starfsreglum breytingu á starfsreglum um kirkjuráð og að æskilegt væri að slíkar tillögur yrðu lagðar fyrri kirkjuþingsfund hinn 15. apríl 2016 væri þess nokkur kostur. Vegna hins skamma frests sem löggjafarnefnd kirkjuþings hafði til að bregðast við erindi forsætisnefndar kirkjuþings og til þess að unnt yrði að leggja tillögur fyrir kirkjuþing síðastliðið vor einskorðaðist vinna nefndarinnar þá við að endurskoða og semja tillögur er skýrðu betur hvernig fjárstjórn kirkjunnar skyldi háttáð en núgildandi starfsreglur kirkjuþings um það mikilsverða málefni eru ekki taldar fullnægjandi hvað það varðar. Hér er því leitast við að kveða á um, með skýrari hætti en í núgildandi starfsreglum, að kirkjuráð hafi með höndum yfirumsjón með allri fjárstjórn kirkjunnar og öllum fjármunum sem til hennar renna, öðrum en fjármunum einstakra sókna.

Þá eru nú tekin af tvímæli um að kirkjuráð hafi umsjón með fasteignum þjóðkirkjunnar.

Skýrt er kveðið á um að ef frávik verði frá fjárhagsáætlunum sem kirkjuþing hefur samþykkt skuli kirkjuráð gera kirkjuþingi sérstaka grein fyrir því samhliða framlagningu

fjárhagsáætlunar næsta árs. Er talið að með þeim hætti verði fulltrúar á kirkjuþingi betur upplýstir um fjárstjórn kirkjunnar og fjárhag hennar.

Kirkjuþing afgreidd tillögu löggjafarnefndar með eftirfarandi ályktun: „Kirkjuþing 2015 ályktar að fela löggjafarnefnd þingsins að vinna tillögur að starfsreglum um kirkjuráð og Biskupsstofu og leggja fyrir kirkjuþing að hausti 2016.“

Fyrir liggur, samkvæmt álitserðinni að kirkjuþing hefur víðtækar heimildir skv. 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, til að setja starfsreglur um stjórnun og starfshætti kirkjunnar og eru í gildi reglur kirkjuþings nr. 817/2000 um kirkjuráð en engar reglur hafa verið settar sem skýra ábyrgð, völd og verkefni milli Biskupsstofu og kirkjuráðs. Löggjafarnefndin leggur hér fram á ný breytingatillögu við starfsreglurnar og er þar að finna þau ákvæði um fjárstjórnina sem lagðar voru fyrir þingið í vor en einnig eru lagðar til nokkrar breytingar í viðbót, aðallega breytingar er varða fundi kirkjuráðs og frágang fundargerða.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

*Um 1. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

*Um 2. gr.*

Mikilvægt er að kirkjuþingsfulltrúar hafi góða yfirsýn yfir fjármál kirkjunnar og geti séð hvernig fjárhagsáætlanir hafa í reynd gengið eftir. Ætlast er til að kirkjuráð sýni með skýrum hætti hvernig fjármunum hafi í raun verið varið þannig að ef kirkjuráð hefur ákveðið greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuþing samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

*Um 3. gr.*

Greinin hefur að geyma meginefni frumvarpsins og kveður á um þá meginreglu að fjárstjórn kirkjunnar sé á höndum kirkjuráðs og að einungis kirkjuráð hafi heimild til að ákveða fjárútlát. Lagt er til að kirkjuráð geti ráðið sér starfsfólk til að sinna eftirlitshlutverki sem því kirkjuráði er ætlað að hafa.

Með prókúruumboði er átt við umboð skv. lögum nr. 42/1903 og umboð til að annast greiðslur af bankareikningum.

Tekið er fram að hér er ekki átt við umsjón með fjármunum sem renna til einstakra sókna eða þær afla með sjálfstæðum hætti heldur það fé sem til kirkjunnar rennur skv. 7. gr.

Að öðru leyti skýrir ákvæðið sig sjálft.

*Um 4. gr.*

Með greininni er leitast við að skilgreina með skýrum hætti uppruna þess fjár sem kirkjuráð hefur yfirumsjón með. Talið er rétt að gera skýran greinarmun í reglunum á því fé sem í raun er gagngreiðsla íslenska ríkisins vegna samninga um kirkjujarðir og öðru fé sem rennur til kirkjunnar.

Með sama hætti og í skýringum við síðustu grein er tekið fram að hér er ekki átt við fjármuni sem renna til einstakra sókna eða þær afla með sjálfstæðum hætti.

*Um 5. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

*Um 6. gr.*

Hér er lagt til að það skuli leita afbrigða á settum kirkjuráðsfundi ef mál eru sett á dagskrá með minna en viku fyrirvara og að sami háttur skuli hafður á ef boðaður er aukafundur. Talið er eðlilegt að kirkjuráðsmenn hafi eina viku til að setja sig inn í fundarefni.

*Um 7. gr.*

Hér eru lagðar til breytingar á því hvernig fundargerðir eru samþykktar en eðlilegt þykir að það sé gert í lok hvers fundar. Einnig er lagt til að kirkjuráð geti ákveðið að halda lokaða fundargerðarbók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð

persónuupplýsinga nr. 77/2000 en málefni þess eðlis geta hæglega borist til kirkjuráðs. Þar sem fundargerðir kirkjuráðs eru opinber gögn og birtar á vef þjóðkirkjunnar er ekki heimilt að bóka þar neitt sem fellur undir nefnd lög.

*Um 8. gr.*

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjöl:

1. Álitsgerð lögfræðinganna Eiríks Tómassonar, hæstaréttardómara og Þorgeirs Örlygssonar hæstaréttardómara frá 1999 sjá <http://kirkjuthing.is/log-og-reglur/adrar-heimildir/alitsgerd/>

2. Álitsgerð um valdmörk biskups Íslands og kirkjuráðs þjóðkirkjunnar, reist á erindisbréfi kirkjuráðs 20. nóvember 2015 sjá

<http://kirkjuthing.is/kerfi//skraarsofn/kirkjuthing/2014/02/Alitsgerd-um-valdsmork-biskups-Islands-og-kirkjurads-12.2.2016.pdf>